

Fundargerð 400

Föstudaginn 23. nóvember 2012, kl. 8:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Hótel Örk, Hveragerði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs, Hólmfríður Sveinsdóttir (við dagskrárlið 5), Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason, forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásta Dís Óladóttir og Ólöf Hallgrímsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 8:40 og tilkynnti að Ásta Dís Óladóttir hefði tilkynnt atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra úrsögn sína úr stjórn Byggðastofnunar vegna anna. Þá upplýsti formaður að á fundinn kæmu fulltrúar frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og eins að skrifað yrði undir nýjan samning um Eyrarrósina í hádeginu.

Formaður lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar
3. Skipting fjár á milli atvinnuþróunarfélaga
4. Eyrarrósinn
5. Sóknaráætlanir landshluta – Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri kemur á fundinn
6. Sala fullnustueignar, Nesbraut 7, Reyðarfirði
7. Fundargerði lánanefndar
8. Þóknun endurskoðunarnefndar
9. Starfsáætlun 2013 – undirbúningur
10. Brothætt byggðarlög – til kynningar
11. Rekstur upplýsingakerfa – athugasemdir innri endurskoðunar
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

Dagskráin samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð 399 og var hún samþykkt samhljóða og henni dreift til undirritunar.

AP upplýsti að tilboðshafi í rækju í Skjálfanda sem samþykktur hafi verið á síðasta stjórnarfundum hefði greitt stofnuninni að fullu.

2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar

AP fór yfir rekstur stofnunarinnar fyrstu 10 mánuði ársins og einnig yfir starfsáætlun ársins. SBS fór yfir stöðu IPA verkefnisins, sem Byggðastofnun hefur haldið utan um kynningu á og felst í að auglýst er eftir styrkumsóknum. Þunganum í því verkefni fer að ljúka en ljóst er að kostnaður Byggðastofnunar sem fellur til fyrir undirskrift samnings ráðuneytis og ESB fæst ekki endurgreiddur úr þeim samningi. Byggðastofnun hefur einnig verið fali að annast annað IPA verkefni sem felst í að byggja upp þekkingu á svæðisbundnum áætlunum hér á landi. Þá hefur komið beiðni frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um úttekt á byggðalegum áhrifum álvers á Bakka við Húsavík. Verið er að ljúka stöðugreiningu allra svæða sóknaráætlana landshluta og voru drögin kynnt á fundinum.

Skýrsla um samfélagsleg áhrif lánveitinga á lokametrunum, verið að skoða mælikvarða og hefur Vífill Karlsson verið fenginn til ráðgjafar.

Umræður urðu um hlutfall ferðaþjónustu í lánasafninu og hvort stofnunin sé undir það búin að kreppa verði í ferðaþjónustunni.

Óskað var eftir kynningu frá Ferðamálastofu eða Rannsóknarsetri ferðaþjónustunnar á stöðu og framtíðarhorfum greinarinnar.

Lögð var áhersla á að formaður og forstjóri leituðu allra leiða til að fá eftirstöðvar eiginfjárframlags greiddar fyrir áramót.

AP sagði að þörf væri á að ráða a.m.k. 2 starfsmenn á þróunarsvið vegna aukinna verkefna og sagði einnig frá breytingum sem gera þyrfti á húsnaði stofnunarinnar á næsta ári.

3. Skipting fjár á milli atvinnuþróunarfélaga

Formaður minnti á umræður um skiptingu fjár á milli atvinnuþróunarfélaga sem farið hefðu fram á vettvangi stjórnar. Þá hafa komið bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar um endurskoðun á skiptingu fjár á milli félaga. Ekki er notuð sérstök reikniregla við skiptingu fjárins. Hins vegar er hægt að taka með inn í nýtt módel marga þætti til að skipta fjármununum á annan hátt, verði niðurstaðan að skipta fjármunum til atvinnuráðgjafarinnar með öðrum hætti..

Fundi frestað kl. 10:30 en þá komu til viðræðna við stjórnina fulltrúar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, þeir Þorvarður Hjaltason, Reynir Arnarson og Gunnar Þorgeirsson.

Fundi fram haldið kl. 11:40

4. Eyrarrósín

AÐ fór yfir drög að samningi milli Byggðastofnunar, Flugfélags Íslands og Listahátíð í Reykjavík um að samstarfi þessara aðila að Eyrarrósinni verði framhaldið. Gert er ráð fyrir að samstarf verði tekið upp við menningarfulltrúa á starfssvæði Byggðastofnunar. Samþykkt samhljóða með smávægilegri breytingu á orðalagi.

Fundi frestað kl. 12:05 og honum síðan fram haldið kl. 13:10

5. Sóknaráætlanir landshluta – Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri kemur á fundinn

Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri Sóknaráætlana landshluta, kom á fundinn og kynnti stöðu verkefnisins og svaraði spurningum stjórnarmanna.

6. Sala fullnustueignar, Nesbraut 7, Reyðarfirði

...

Samþykkt samhljóða.

7. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 23/12, 31. október 2012

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 24/12, 13. nóvember 2012

EGK og AÐ fóru yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

8. Þóknun endurskoðunarnefndar

Formaður vék af fundi.

AÐ fór yfir minnisblað um tillögu að breytingu á þóknun fyrir setu í endurskoðunarnefnd.

Erindinu frestað og forstjóra falið að leggja fram nýja tillögu á næsta stjórnarfundi.

9. Starfsáætlun 2013 – undirbúningur

SBS hefur unnið að undirbúningi að starfsáætlun 2013 og þeim verkefnum sem framundan eru, en þau eru sum hver háð nokkurri óvissu.

Lagt til að SBS verði í samráði við formann og forstjóra um að ljúka gerð starfsáætlunarinnar. Á næsta fundi stjórnar verða lögð fram drög að áætlun.

10. Brothætt byggðarlög – til kynningar

AP fór yfir minnisblað sem hann og formaður rituðu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um sértækan stuðning ríkisins við byggðarlög í bráðum vanda.

11. Rekstur upplýsingakerfa – athugasemdir innri endurskoðunar

Gerður hefur verið samningur við KPMG um aðstoð við innleiðingu á verklagsreglum og ferlum í samræmi við ISO/IEC 27001 staðal um upplýsingatækni og stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

12. Önnur mál

AP sagði frá dómsmálum sem stofnunin stendur í. Ekki hefur verið áfrýjað máli vegna lögmatís erlendra lána stofnunarinnar sem dæmt var í september. Annað mál af svipuðum toga verður væntanlega tekið fyrir á næstunni.

Fullnustueignir

GRG vill að tekið verði fyrir á næsta fundi athugun á þeim möguleika að bjóða einstaklingum eða fyrirtækjum tímabundið afnot af fullnustueignum endurgjaldslaust og hvort hægt sé að fara svokallaða samningskaupaleið.

Óskað var eftir að á næsta fundi stjórnar yrði lagður fram listi yfir fullnustueignir, bókfært verð, rekstrarkostnað, leigutekjur o.s.frv.

13. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn á Sauðárkróki, föstudaginn 14. desember nk. og síðan 25. janúar 2013 á Húsavík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55

Magnús Helgason, fundarritari
